

Ástund ehf.
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

Reykjavík, 22. febrúar 2022
UST202011-124/F.K.
07.05.02

Niðurstaða eftirlits í kjölfar ábendingar um vanmerкта efnavöru hjá Ástund ehf. - Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar til Ástundar ehf., dagsett þann 13.10.2020 þar sem tilkynnt var um eftirlit með efnavöru í kjölfar ábendingar, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag og var einnig kynnt í tölvupósti til fyrirtækisins.

Markmið eftirlitsins er að kanna hvort vörurnar sem féllu undir umfang eftirlitsins uppfylli kröfur reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir CLP, og kröfur efnalaga.

Eftirfarandi vörur sem falla undir umfang eftirlitsins voru skoðaðar hjá fyrirtækinu:

Vara	Strikamerki
Reflective Spray - textiles	7350068060441
Reflective Spray - metals	7350068060069

Frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur þeirra um merkingu efna og efnablandna í samræmi við hættuflokkun þeirra sbr. 3. mgr. 32.gr, efnalaga.

Umhverfisstofnun veitir Ástund ehf. frest til 9.3.2022 til að senda stofnuninni afrit af merkimiða fyrir vöruna Reflective Spray - textiles, uppfærðum m.t.t. hættumerkja, hættusetninga og varnaðarsetninga og fullyrðinga í samræmi við reglugerð nr. 415/2014. Einnig skal fyrirtækið senda mynd af vörunni Reflective Spray - textiles þar sem áþreifanleg viðvörun sést vel. Fyrirtækið skal senda stofnuninni afrit af merkimiða fyrir vöruna Reflective Spray - metals, uppfærðum m.t.t. varnaðarorðs, hættusetninga og hættumerkja í samræmi við flokkun og tungumálakröfu, sbr. reglugerð nr. 415/2014.

Sendu skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is, merkt málsnúmerinu UST20211-124.

Jafnframt er gerð sú krafa að vörur á sölustað verði endurmerktar með rétttri merkingu þegar hún liggur fyrir og hefur verið staðfest af Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun veitir Ástund ehf hér með frest til 9.3.2022 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 2.3.2022. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 2.3.2022.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beiðingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar¹.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Fífu Konráðsdóttur, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið fifak@ust.is til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir,
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir,
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/>